

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 um kröfur vegna útgáfu vottorða vegna innflutnings á tilteknum samsettum afurðum til Sambandsins og umflutnings þeirra gegnum það.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í I. og II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 28/2012 um kröfur vegna útgáfu vottorða vegna innflutnings á tilteknum samsettum afurðum til Sambandsins og umflutnings þeirra gegnum það og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB og reglugerð (EB) nr. 1162/2009.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 468/2012 frá 1. júní 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 28/2012 um kröfur varðandi útgáfu vottorða vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings um Sambandið á tilteknum samsettum afurðum.

2. gr.

Ofangreindar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi gildir með þeim takmörkunum sem leiða af lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli, lög nr. 55/1998 um sjávarafurðir, lög nr. 71/2008 um fiskeldi, lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lög nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum, nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum eða fangelsi. Um þvingunarúrræði og viðurlög vísast til laga nr. 93/1995 um matvæli, laga nr. 54/1990 um innflutning dýra og laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

7. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. september 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 28/2012**

frá 11. janúar 2012

um kröfur vegna útgáfu vottorða vegna innflutnings á tilteknum samsettum afurðum til Sambandsins og umflutnings þeirra gegnum það og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB og reglugerð (EB) nr. 1162/2009**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manndis ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 8. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽³⁾, einkum fyrstu málsgrein 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manndis ⁽⁴⁾, einkum fyrstu málsgrein 16. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽⁵⁾ um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um föður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, einkum 1. mgr. 48. gr. og fyrsta undirgrein 1. mgr. 63. gr.,

1) Í tilskipun 97/78/EB er kveðið á um að aðildarríki skuli láta fara fram heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum að því er varðar afurðir frá þriðju löndum sem fluttar eru til Sambandsins í samræmi við þá tilskipun og reglugerð (EB) nr. 882/2004.

2) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almennar reglur um opinbert eftirlit til að sannreyna að farið sé að reglum sem miða einkum að því að koma í veg fyrir, eyða eða minnka svo áhættu fyrir menn og dýr, annaðhvort beina eða frá umhverfinu, að hún verði viðunandi.

3) Í tilskipun 2002/99/EB er mælt fyrir um almennar reglur um heilbrigði dýra sem gilda um öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar innan Sambandsins og aðflutning afurða úr dýraríkinu og afurðum úr þeim sem eru ætlaðar til neyslu.

4) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Í 4. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að stjórnendum matvælafyrirtækja, sem flytja inn matvæli sem innihalda afurðir úr jurtaríkinu og einnig unnar afurðir úr dýraríkinu (samsettar afurðir), beri að sjá til þess að unnu afurðirnar úr dýraríkinu í slíkum matvælum uppfylli tilteknar lýðheilsukröfur sem þar er mælt fyrir um. Að auki er kveðið á um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 að stjórnendur matvælafyrirtækja verði að geta sýnt fram á að þeir hafi gert þetta, t.d. með því að leggja fram viðeigandi gögn eða vottorð.

5) Reglugerð (EB) nr. 853/2004 gildir frá 1. janúar 2006. Það hefði þó í vissum tilvikum valdið erfiðleikum í framkvæmd ef sumum ráðstafananna, sem þar var mælt fyrir um, hefði verið beitt þegar frá þeim degi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

- 6) Því var kveðið á um það í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005⁽¹⁾ að þrátt fyrir 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 skyldu stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn matvæli sem innihalda samsettar afurðir, vera undanþegnir skuldbindingunni sem kveðið er á um í þeirri grein.
- 7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2009 um bráðabirgðaráðstafanir til framkvæmdar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004⁽²⁾ var felld úr gildi og í hennar stað kom reglugerð (EB) nr. 2076/2005. Í reglugerð (EB) nr. 1162/2009 er tilgreind sama undanþágan frá 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og í reglugerð (EB) nr. 2076/2005.
- 8) Að auki er í reglugerð (EB) nr. 1162/2009 kveðið á um að innflutningur á samsettum afurðum skuli vera í samræmi við samræmdar reglur Sambandsins, eftir atvikum, og landsreglum sem aðildarríkin hafa beitt í öðrum tilvikum.
- 9) Reglugerð (EB) nr. 1162/2009 gildir til 31. desember 2013.
- 10) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB⁽³⁾ er kveðið á um að tiltekna samsettar afurðir skuli sæta heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum þegar þær eru fluttar inn til Sambandsins. Samkvæmt þeirri ákvörðun eru samsettu afurðirnar sem sæta skulu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum allar þær afurðir sem innihalda unnar kjötafurðir, afurðir þar sem a.m.k. helmingur innihaldsins er unnin afurð úr dýrarikinu, önnur en unnar kjötafurðir, og afurðir sem innihalda engar unnar kjötafurðir og þar sem minna en helmingur innihaldsins er unnin mjólkurafurð, ef fullunna afurðirnar uppfylla ekki tilteknar kröfur sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2007/275/EB.
- 11) Að auki er í ákvörðun 2007/275/EB mælt fyrir um tilteknar vottunarkröfur varðandi samsettu afurðirnar sem sæta skulu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum. Þar er kveðið á um að þegar samsettar afurðir sem innihalda unnar kjötafurðir eru fluttar til Sambandsins skuli fylgja þeim viðeigandi vottorð fyrir kjötafurðir sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Þegar samsettar afurðir, sem innihalda unnar mjólkurafurðir og skulu sæta heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, eru fluttar til Sambandsins skal fylgja þeim viðeigandi vottorð sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Þegar samsettar afurðir, sem innihalda eingöngu unnar lagardýra- eða eggjaafurðir og skulu sæta heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, eru fluttar til Sambandsins skal þeim fylgja viðeigandi vottorð, sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, eða viðskiptaskjal ef ekki er krafist vottorðs.
- 12) Samsettu afurðirnar, sem sæta skulu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum samkvæmt ákvörðun 2007/275/EB, eru í eðli sínu þannig að þær geta haft í för með sér verulega áhættu að því er varðar lýðheilsu. Hugsanleg áhætta að því er varðar lýðheilsu er mismikil og fer eftir því hvaða afurð úr dýrarikinu er að finna í samsettu afurðinni, hundraðshluta þeirrar afurðar í samsettu afurðinni og meðhöndluninni sem hún hefur fengið, auk stöðugleika samsettu afurðarinnar við geymslu.
- 13) Því er rétt að lýðheilsukröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 gildi um þessar samsettu afurðir enda þótt gildistími undanþágunnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1162/2009, sé ekki runninn út.
- 14) Í þessari reglugerð skal einkum kveða á um vottun þess að lýðheilsukröfur séu uppfylltar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004, að því er varðar innflutning á samsettu afurðum sem innihalda unnar kjötafurðir, samsettum afurðum þar sem a.m.k. helmingur innihaldsins eru mjólkurafurðir eða unnar lagardýra- eða eggjaafurðir og samsettum afurðum sem innihalda engar unnar kjötafurðir og minna en helmingur innihaldsins eru unnar mjólkurafurðir, ef stöðugleika fullunna afurðanna við geymslu við umhverfishita er ábótavant eða ef ekki er skýrt að þær hafi í framleiðslunni fengið nægilega eldun eða hitameðhöndlun þannig að hráefni sé örugglega ómengað.
- 15) Af þessum sökum gildir undanþágan, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1162/2009, ekki lengur fyrir þessar samsettu afurðir.
- 16) Í löggjöf Sambandsins hefur þegar verið mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfurnar sem varða þessar samsettu afurðir. Samkvæmt þeim kröfum skal einungis flytja þessar samsettu afurðir inn frá þriðju löndum sem hafa verið samþykkt.
- 17) Mæla skal fyrir um sértæka fyrirmynd að heilbrigðisvottorði í þessari reglugerð þar sem fram kemur að slíkar samsettar vörur sem fluttar eru inn til Sambandsins uppfylli þessar kröfur varðandi heilbrigði manna og dýra. Af þessum sökum gilda vottunarkröfurnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2007/275/EB ekki lengur fyrir þessar samsettu afurðir.
- 18) Vottunarkröfurnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2007/275/EB gilda áfram að því er varðar aðrar samsettar vörur þar sem a.m.k. helmingur innihaldsins eru afurðir úr dýrarikinu, aðrar en mjólkurafurðir eða lagardýra- eða eggjaafurðir. Til löggvunar og einföldunar á

(1) Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83.

(2) Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 10.

(3) Stjtið. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9.

löggið Sambandsins er þó rétt að vottunarkröfurnar séu tilgreindar í þessari reglugerð svo að unnt sé að mæla fyrir um meginreglurnar um vottun á samsettum afurðum í aðeins einni gerð.

- 19) Því ber að breyta ákvörðun 2007/275/EB og reglugerð (EB) nr. 1162/2009 til samræmis við það.
- 20) Með skírskotun til heilbrigðis dýra skal kveða á um vottorð og sértæk skilyrði í tengslum við umflutning um Sambandið. Þessi skilyrði skulu þó einungis eiga við um samsettar afurðir sem innihalda unnar kjötafurðir eða unnar mjólkurafurðir.
- 21) Kveða skal á um sérstök skilyrði vegna umflutnings á vörusendingum um Sambandið til og frá Rússlandi vegna landfræðilegrar staðsetningar Kaliningrad sem hefur einungis áhrif á Lettland, Litháen og Pólland.
- 22) Til að koma í veg fyrir röskun á viðskiptum skal heimila notkun vottorða sem gefin eru út í samræmi við ákvörðun 2007/275/EB fyrir gildistöku þessarar reglugerðar meðan á umbreytingartímabili stendur.
- 23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um útgáfu vottorða fyrir sendingar á tilteknum samsettum afurðum sem fluttar eru til Sambandsins frá þriðju löndum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. ákvörðunar 2007/275/EB.

3. gr.

Innflutningur á tilteknum samsettum afurðum

1. Sendingar af eftirfarandi samsettum afurðum sem fluttar eru til Sambandsins skulu vera frá þriðja landi eða hluta þess sem hefur heimild til að flytja til Sambandsins sendingar með afurðum úr dýrarákinu sem þessar samsettu afurðir innihalda og skulu afurðirnar úr dýrarákinu, sem notaðar eru til að framleiða slíkar samsettar afurðir, vera frá stöðvum sem eru í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004:

- a) samsettar afurðir sem innihalda unnar kjötafurðir, eins og um getur í a-lið 4. gr. ákvörðunar 2007/275/EB,
- b) samsettar afurðir sem innihalda unnar mjólkurafurðir og falla undir b- og c-lið 4. gr. ákvörðunar 2007/275/EB,

- c) samsettar afurðir þar sem a.m.k. helmingur innihaldsins er unnar lagardýra- eða eggjaafurðir og sem falla undir b-lið 4. gr. ákvörðunar 2007/275/EB.

2. Sendingum af samsettum afurðum sem um getur í 1. mgr. skal fylgja heilbrigðisvottorð í samræmi við fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði í I. viðauka og skulu þær uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru í þessum vottorðum.

3. Sendingar af samsettum afurðum þar sem a.m.k. helmingur innihaldsins eru afurðir úr dýrarákinu, aðrar en þær sem um getur í 1. mgr., skulu vera frá þriðja landi eða hluta þess sem hefur heimild til að flytja til Sambandsins sendingar af þeim afurðum úr dýrarákinu sem er að finna í þessum samsettu afurðum og við komuna til Sambandsins skal þeim fylgja viðeigandi vottorð sem mælt er fyrir um í löggið Sambandsins og varða þessar afurðir úr dýrarákinu eða viðskiptaskjal ef vottorðs er ekki krafist.

4. gr.

Umflutningur og geymsla tiltekinnar samsettra afurða

Einungis skal heimila flutning til Sambandsins á sendingum af samsettum afurðum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 3. gr. og sem ekki er ætlunin að flytja inn til Sambandsins heldur til þriðja lands, annaðhvort strax eða eftir að hafa verið geymdar í Sambandinu, í samræmi við 11., 12. eða 13. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB, ef sendingarnar uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) þær eru frá þriðja landi eða hluta þess sem hefur heimild til að flytja til Sambandsins sendingar af afurðum úr dýrarákinu sem eru í þessum samsettu afurðum og uppfylla viðeigandi skilyrði um meðhöndlun slíkra afurða, eins og kveðið er á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB⁽¹⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010⁽²⁾ að því er varðar afurðina úr dýrarákinu sem um er að ræða,
- b) þeim fylgir heilbrigðisvottorð sem gert er í samræmi við fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði í II. viðauka,
- c) þær uppfylla sértæku dýraheilbrigðiskröfurnar vegna innflutnings til Sambandsins á afurðunum úr dýrarákinu sem eru í samsettu afurðunum sem um er að ræða, eins og sett er fram í dýraheilbrigðisvottuninni í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði sem um getur í b-lið,
- d) þær hafa fengið vottun um að þær megi umflytja, m.a. til geymslu eins og við á, á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004⁽³⁾ og skal hún vera undirrituð af opinbera dýralækninum á skoðunarstöðinni þar sem sendingin er flutt til Sambandsins.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 312, 30.11.2007, bls. 49.

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjótið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11.

5. gr.

Undanþága vegna umflutnings sendinga sem eru frá Rússlandi eða eru á leið þangað

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal leyfa flutning sendinga af samsettum afurðum, sem um getur í 3. gr., sem koma frá Rússlandi eða eru á leið þangað, um Sambandið, beint eða í gegnum annað þriðja land, á vegum eða með járnbrautum milli tilnefndra skoðunarstöðva á landamærum Lettlands, Litháens og Póllands, sem tilgreindar eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ⁽¹⁾, séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a) fulltrúi heilbrigðisþjónustu lögbæra yfirvaldsins fyrir dýr og dýraafurðir innsiglar sendinguna með innsigli með raðnúmeri á skoðunarstöðinni á landamærunum þar sem sendingin er flutt inn í Sambandið,
 - b) opinber dýralæknir lögbæra yfirvaldsins, sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærunum þar sem sendingin er flutt inn í Sambandið, stimplar skjölín, sem fylgja sendingunni, sem um getur í 7. gr. tilskipunar 97/78/EB, á hverja blaðsíðu með orðunum „EINUNGIS TIL UMFLUTNINGS GEGNUM ESB TIL RÚSSLANDS“,
 - c) kröfumar um málsmeðferð, sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, eru uppfylltar,
 - d) sendingin er vottuð sem tæk fyrir umflutning á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem opinberi dýralæknirinn á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingin er flutt inn í Sambandið gaf út.
2. Afferming eða geymsla slíkra sendinga, eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 12. gr. eða í 13. gr. tilskipunar 97/78/EB, skal ekki leyfð á yfirráðasvæði Sambandsins.
3. Lögbært yfirvald skal annast reglulega úttekt til að tryggja að fjöldi sendinga og magn afurða sem er flutt frá yfirráðasvæði Sambandsins samsvari þeim fjölda og því magni sem kemur inn í Sambandið.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. janúar 2012.

6. gr.

Breyting á ákvörðun 2007/275/EB

Ákvæði 5. gr. ákvörðunar 2007/275/EB falli brott.

7. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1162/2009

Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. 3. gr. í reglugerð (EB) nr. 1162/2009 komi eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir 4. mgr. 6. gr. í reglugerð (EB) nr. 853/2004 skulu stjórnendur matvælaframleiðinga, sem flytja inn matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu, aðrar en þær sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 28/2012 (*), vera undanþegnir þeirri skyldu sem kveðið er á um í þeirri grein.

(*) Stjótið. ESB L 12, 14.1.2012, bls. 1.“

8. gr.

Umbreytingarákvæði

Á umbreytingartímabili sem lýkur 30. september 2012 má halda áfram að flytja sendingar af samsettum afurðum til Sambandsins sem viðeigandi vottorð hafa verið gefin út fyrir í samræmi við 5. gr. ákvörðunar 2007/275/EB fyrir 1. mars 2012.

9. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(1) Stjótið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir innflutning á samsettum afurðum,
sem ætlaðar eru til mannelis, til Evrópusambandsins

LAND				Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB			
I. hluti: Upplýsingar um vöru sendingu	I.1. Sendandi			I.2. Tilvisunarnúmer vottorðs		I.2.a	
	Heiti						
	Heimilisfang						
	Sími						
	I.5. Viðtakandi			I.6.			
	Heiti						
	Heimilisfang						
	Póstnúmer						
	Sími						
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði
I.11. Upprunastaður							
Heiti		Samþykkisnúmer					
Heimilisfang		Samþykkisnúmer					
Heiti		Samþykkisnúmer					
Heimilisfang		Samþykkisnúmer					
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur				
I.15. Flutningatæki			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB				
Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/>							
Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>							
Auðkenning: Tilvisun í skjöl:			I.17.				
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer)			
I.21. Hitastig afurðar			I.20. Magn				
Umhverfishiti <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>			I.22. Fjöldi pakkninga				
I.23. Nr. innsiglið/gáms			I.24. Tegund umbúða				
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til mannelis <input type="checkbox"/>							
I.26.			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>				
I.28. Auðkenning varanna							
Framleiðslustöð		Fjöldi pakkninga	Tegund vöru	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu		

LAND

Samsettar afurðir, ætlaðar til manneldis

II. hluti: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b																																																											
		<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir/skoðunarmaður, votta hér með að:</p> <p>II.1 ég hef vitneskju um þau ákvæði í reglugerðum (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 sem skipta máli, einkum b-lið 1. mgr. 6. gr., um uppruna afurða úr dýraríkinu sem notaðar eru við framleiðslu á samsettu afurðunum sem lýst er hér að framan og votta að framangreindu samsettu afurðirnar voru framleiddar í samræmi við þessar kröfur, einkum að þær séu frá stöð eða stöðvum sem hrundið hafa í framkvæmd áætlun sem byggð er á meginreglum GÁHMSS í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004,</p> <p>II.2 samsettu afurðirnar, sem lýst er hér að framan, innihalda:</p>																																																												
<p>(¹) <i>annaðhvort</i> [II.2.A] Kjötafurðir og meðhöndlaða maga, þvagblöðrur og þarma (²) í því magni sem uppfyllir kröfur um heilbrigði dýra í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/777/EB og innihalda eftirfarandi efnisþætti kjöts sem uppfylla viðmiðanirnar sem tilgreindar eru hér á eftir:</p> <table border="1" data-bbox="459 689 1339 721"> <thead> <tr> <th>Tegund (A)</th> <th>Meðhöndlun (B)</th> <th>Uppruni (C)</th> <th>Samþykkt stöð eða samþykktar stöðvar (D)</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>(A)</td> <td>Tilgreinið kóðann fyrir tegundina sem kjötafurðin, meðhöndluðu magarnir, þvagblöðrurnar og þarmarnir eru af: BOV = tamdir nautgripir (Bos taurus, Bison bison, Bubalus bubalis og kynblendingar þeirra, OVI = tamið sauðfé (Ovis aries) og geitur (Capra hircus), EQI = tamin dýr af hestaætt (Equus caballus, Equus asinus og kynblendingar þeirra), POR = tamin svín (Sus scrofa), RM = alikanínur, PFG = alifuglar og aldir veiðifuglar, RUF = alin dýr, sem ekki eru húsdýr, önnur en svín og hófdýr, RUW = villt dýr, sem ekki eru húsdýr, önnur en svín og hófdýr, SUW = villt svín sem ekki eru húsdýr, EQW = villt hófdýr sem ekki eru húsdýr, WL = villtir nartarar, WGB = villtir veiðifuglar.</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>(B)</td> <td>Tilgreinið A, B, C, D, E eða F fyrir meðhöndlunina sem krafist er og tilgreind er og skilgreind í 2., 3. og 4. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB.</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>(C)</td> <td>Tilgreinið ISO-kóða upprunals kjötafurðarinnar, meðhöndluðu maganna, þvagblaðrana og þarmanna eins og þau eru skráð í 2. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB og ef um er að ræða svæðaskiptingu í löggjöf Sambandsins varðandi viðeigandi efnisþætti kjöts skal tilgreina svæðið eins og tilgreint er í 1. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB. Upprunaland kjötafurðanna verður að vera það sama og útflutningslandið í reit 1.7.</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>(D)</td> <td>Tilgreinið samþykkisnúmer ESB fyrir upprunastöðvar kjötafurðanna, meðhöndluðu maganna, þvagblaðrana og þarmanna sem eru í samsettu afurðinni.</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>(E)</td> <td>Ef nýja kjötið og/eða þarmarnir, sem notuð eru við tilreiðslu kjötafurðanna og/eða meðhöndluðu þarmanna, innihalda efni úr nautgripum, sauðfé eða geitum skulu þau falla undir eftirfarandi skilyrði sem fara eftir áhættuflokki upprunalsins m.t.t. kúariðu:</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>(¹) (E.1)</td> <td>að því er varðar innflutning frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, samkvæmt skránni í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB með áorðnum breytingum:</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td></td> <td>1) landið eða svæðið er flokkað, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg,</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td></td> <td>2) dýrin, sem nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðirnar eru fengnar úr, voru fædd og síðan alin frá burði og slátrað í landi þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og stöðust skoðun fyrir og eftir slátrun,</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>(¹) 3)</td> <td>ef tilvik innlendirar kúariðu hafa komið upp í landinu eða á svæðinu:</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>(¹) a)</td> <td>dýrin voru fædd eftir þann dag sem bann um föðrun jörturdýra á kjöt- og beinamjöli og hömsum úr jörturdýrum kom til framkvæmdar eða</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>(¹) b)</td> <td>afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum innihalda ekki og eru ekki framleiddar úr sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er úr beinum úr nautgripum, sauðfé og geitum.</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td>(¹) (E.2)</td> <td>að því er varðar innflutning frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum, samkvæmt skránni í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB með áorðnum breytingum:</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td></td> <td>1) landið eða svæðið er flokkað, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum,</td> <td></td> <td></td> </tr> <tr> <td></td> <td>2) dýrin, sem nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðirnar eru fengnar úr, stöðust skoðun fyrir og eftir slátrun,</td> <td></td> <td></td> </tr> </tbody> </table>		Tegund (A)	Meðhöndlun (B)	Uppruni (C)	Samþykkt stöð eða samþykktar stöðvar (D)	(A)	Tilgreinið kóðann fyrir tegundina sem kjötafurðin, meðhöndluðu magarnir, þvagblöðrurnar og þarmarnir eru af: BOV = tamdir nautgripir (Bos taurus, Bison bison, Bubalus bubalis og kynblendingar þeirra, OVI = tamið sauðfé (Ovis aries) og geitur (Capra hircus), EQI = tamin dýr af hestaætt (Equus caballus, Equus asinus og kynblendingar þeirra), POR = tamin svín (Sus scrofa), RM = alikanínur, PFG = alifuglar og aldir veiðifuglar, RUF = alin dýr, sem ekki eru húsdýr, önnur en svín og hófdýr, RUW = villt dýr, sem ekki eru húsdýr, önnur en svín og hófdýr, SUW = villt svín sem ekki eru húsdýr, EQW = villt hófdýr sem ekki eru húsdýr, WL = villtir nartarar, WGB = villtir veiðifuglar.			(B)	Tilgreinið A, B, C, D, E eða F fyrir meðhöndlunina sem krafist er og tilgreind er og skilgreind í 2., 3. og 4. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB.			(C)	Tilgreinið ISO-kóða upprunals kjötafurðarinnar, meðhöndluðu maganna, þvagblaðrana og þarmanna eins og þau eru skráð í 2. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB og ef um er að ræða svæðaskiptingu í löggjöf Sambandsins varðandi viðeigandi efnisþætti kjöts skal tilgreina svæðið eins og tilgreint er í 1. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB. Upprunaland kjötafurðanna verður að vera það sama og útflutningslandið í reit 1.7.			(D)	Tilgreinið samþykkisnúmer ESB fyrir upprunastöðvar kjötafurðanna, meðhöndluðu maganna, þvagblaðrana og þarmanna sem eru í samsettu afurðinni.			(E)	Ef nýja kjötið og/eða þarmarnir, sem notuð eru við tilreiðslu kjötafurðanna og/eða meðhöndluðu þarmanna, innihalda efni úr nautgripum, sauðfé eða geitum skulu þau falla undir eftirfarandi skilyrði sem fara eftir áhættuflokki upprunalsins m.t.t. kúariðu:			(¹) (E.1)	að því er varðar innflutning frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, samkvæmt skránni í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB með áorðnum breytingum:				1) landið eða svæðið er flokkað, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg,				2) dýrin, sem nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðirnar eru fengnar úr, voru fædd og síðan alin frá burði og slátrað í landi þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og stöðust skoðun fyrir og eftir slátrun,			(¹) 3)	ef tilvik innlendirar kúariðu hafa komið upp í landinu eða á svæðinu:			(¹) a)	dýrin voru fædd eftir þann dag sem bann um föðrun jörturdýra á kjöt- og beinamjöli og hömsum úr jörturdýrum kom til framkvæmdar eða			(¹) b)	afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum innihalda ekki og eru ekki framleiddar úr sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er úr beinum úr nautgripum, sauðfé og geitum.			(¹) (E.2)	að því er varðar innflutning frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum, samkvæmt skránni í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB með áorðnum breytingum:				1) landið eða svæðið er flokkað, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum,				2) dýrin, sem nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðirnar eru fengnar úr, stöðust skoðun fyrir og eftir slátrun,			
Tegund (A)	Meðhöndlun (B)	Uppruni (C)	Samþykkt stöð eða samþykktar stöðvar (D)																																																											
(A)	Tilgreinið kóðann fyrir tegundina sem kjötafurðin, meðhöndluðu magarnir, þvagblöðrurnar og þarmarnir eru af: BOV = tamdir nautgripir (Bos taurus, Bison bison, Bubalus bubalis og kynblendingar þeirra, OVI = tamið sauðfé (Ovis aries) og geitur (Capra hircus), EQI = tamin dýr af hestaætt (Equus caballus, Equus asinus og kynblendingar þeirra), POR = tamin svín (Sus scrofa), RM = alikanínur, PFG = alifuglar og aldir veiðifuglar, RUF = alin dýr, sem ekki eru húsdýr, önnur en svín og hófdýr, RUW = villt dýr, sem ekki eru húsdýr, önnur en svín og hófdýr, SUW = villt svín sem ekki eru húsdýr, EQW = villt hófdýr sem ekki eru húsdýr, WL = villtir nartarar, WGB = villtir veiðifuglar.																																																													
(B)	Tilgreinið A, B, C, D, E eða F fyrir meðhöndlunina sem krafist er og tilgreind er og skilgreind í 2., 3. og 4. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB.																																																													
(C)	Tilgreinið ISO-kóða upprunals kjötafurðarinnar, meðhöndluðu maganna, þvagblaðrana og þarmanna eins og þau eru skráð í 2. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB og ef um er að ræða svæðaskiptingu í löggjöf Sambandsins varðandi viðeigandi efnisþætti kjöts skal tilgreina svæðið eins og tilgreint er í 1. hluta II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB. Upprunaland kjötafurðanna verður að vera það sama og útflutningslandið í reit 1.7.																																																													
(D)	Tilgreinið samþykkisnúmer ESB fyrir upprunastöðvar kjötafurðanna, meðhöndluðu maganna, þvagblaðrana og þarmanna sem eru í samsettu afurðinni.																																																													
(E)	Ef nýja kjötið og/eða þarmarnir, sem notuð eru við tilreiðslu kjötafurðanna og/eða meðhöndluðu þarmanna, innihalda efni úr nautgripum, sauðfé eða geitum skulu þau falla undir eftirfarandi skilyrði sem fara eftir áhættuflokki upprunalsins m.t.t. kúariðu:																																																													
(¹) (E.1)	að því er varðar innflutning frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, samkvæmt skránni í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB með áorðnum breytingum:																																																													
	1) landið eða svæðið er flokkað, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg,																																																													
	2) dýrin, sem nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðirnar eru fengnar úr, voru fædd og síðan alin frá burði og slátrað í landi þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og stöðust skoðun fyrir og eftir slátrun,																																																													
(¹) 3)	ef tilvik innlendirar kúariðu hafa komið upp í landinu eða á svæðinu:																																																													
(¹) a)	dýrin voru fædd eftir þann dag sem bann um föðrun jörturdýra á kjöt- og beinamjöli og hömsum úr jörturdýrum kom til framkvæmdar eða																																																													
(¹) b)	afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum innihalda ekki og eru ekki framleiddar úr sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er úr beinum úr nautgripum, sauðfé og geitum.																																																													
(¹) (E.2)	að því er varðar innflutning frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum, samkvæmt skránni í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB með áorðnum breytingum:																																																													
	1) landið eða svæðið er flokkað, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum,																																																													
	2) dýrin, sem nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðirnar eru fengnar úr, stöðust skoðun fyrir og eftir slátrun,																																																													

LAND

Samsettar afurðir, ætlaðar til mannelldis

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
3)		dýrunum, sem afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum eru unnar úr og ætlaðar eru til útflutnings, hefur ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta miðtaugakerfisvefinn í sundur eftir deyfingu með ilöngu, staflaga verkfæri sem er stungið inn í kúpuholið,
(1) (3) 4)		afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum innihalda ekki og eru ekki framleiddar úr sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er úr beinum úr nautgripum, sauðfé og geitum,
(1) (4) 5)		ef um er að ræða þarma sem koma upprunalega frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg skal innflutningur á meðhöndluðum þörmum háður eftirfarandi skilyrðum:
a)		landið eða svæðið er flokkað, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum,
b)		dýrin, sem nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðirnar eru fengnar úr, voru fædd og síðan alin frá burði og slátrað í landi eða á svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og stóðust skoðun fyrir og eftir slátrun,
(1) c)		ef þarmarnir koma frá landi eða svæði þar sem tilvik innlendra kúariðu hafa komið upp:
(1) i.		dýrin voru fædd eftir þann dag sem bann um föðrun jörturdýra á kjöt- og beinamjöli og hömsum úr jörturdýrum kom til framkvæmdar eða
(1) ii.		afurðirnar úr nautgripum, sauðfé eða geitum innihalda ekki og eru ekki framleiddar úr sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
(1) (E.3)		að því er varðar innflutning frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind, samkvæmt skránni í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB:
1)		dýrin, sem nautgripa-, sauðfjár- og geitaafurðirnar eru fengnar úr, hafa hvorki verið föðruð með kjöt- og beinamjöli né hömsum úr jörturdýrum og stóðust skoðun fyrir og eftir slátrun,
2)		dýrunum, sem afurðirnar úr nautgripum, sauðfé og geitum eru fengnar úr, hefur ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta miðtaugakerfisvefinn í sundur eftir deyfingu með ilöngu, staflaga verkfæri sem er stungið inn í kúpuholið,
